

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1979

20. september 1979.

725

Nr. 374.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1979.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1979, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 128 000.00
II. flokkur	— 109 000.00
III. flokkur	— 90 000.00
IV. flokkur	— 67 000.00
V. flokkur	— 48 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Ingólfs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar
Hafnarfjarðar Apótek
Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Stjörnu Apótek
- III. flokkur: Háaleitis Apótek
Holts Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek
- IV. flokkur: Akraness Apótek
Akureyrar Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
Stykkishólms Apótek

B 90

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupsstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ólfus Apótek, Hveragerði.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.

III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhirðis fyrir 15. október 1979. Gjaldið er lögtakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 20. september 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.